



# Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Sigurjónsson og Thor  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík

Tilv. vor  
Our ref.

Dags.  
Date

430-86/673

31.01.1992

## MÁL:

Andmæli Sigurjónsson & Thor, Óðinsgötu 4, Reykjavík f.h. Sodinol Proteins Trading ApS, Bredgade 21, 4000 Roskilde, Danmörku

gegn

skráningu vörumerkisins SAGASALT, samkvæmt umsókn nr. 673/1986 frá Sagasalt Ísland hf., Garðaföt 16, Garðabæ.

## ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

### Málsatvik:

Þann 12.12.1986 tilkynnti Sagasalt Ísland h.f., Garðaföt 16, Garðabæ vörumerkið SAGASALT til skráningar. Umsóknin er nr. 673/1986. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokkum nr. 1, 5 og 30.

Með bréfi vörumerkjaskrárritara dags. 05.11.1990 var Sagasalt Ísland hf. tilkynnt að merki þess væri óskráningarhæft fyrir vörur í flokkum 5 og 30 þar sem vörumerkið SAGASALT væri þegar skráð fyrir þessa flokka hér á landi, sbr. skráningu nr. 98/1990. Hins vegar var fallist á skráningu fyrir vörur í flokki nr. 1, væri þess óskað. Með bréfi vörumerkjaskrárritara dags. 15.01.1991 voru ofangreindar athugasemdir ítrekaðar við tilkynnanda og honum gefinn tveggja mánaða frestur til þess að taka afstöðu til þeirra, annars yrði litið svo á að umsókn nr. 673/1986 væri fallin úr gildi, sbr. 19. gr. laga nr.

# Einkaleyfastofan

47/1968 um vörumerki. Með bréfi dags. 28.01.1991 samþykkti Sagasalt Ísland h.f. að umsókn þeirra yrði takmörkuð við vörur í flokk nr. 1.

Hinn 20.02.1991 var umsókn þessi auglýst í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum.

Með bréfi dags. 19.04.1991, sem barst vörumerkjaskráritara sama dag, andmælti Sigurjónsson & Thor, Óðinsgötu 4, Reykjavík f.h. Sodinol Proteins Trading ApS, Bredgade 21, 4000 Roskilde, Danmörku, skráningu vörumerkisins SAGASALT skv. umsókn nr. 673/1986. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við vörumerki Sodinol Proteins ApS, SAGASALT sem skráð er hér á landi nr. 98/1990. Í greinargerð andmælanda segir: „...umbjóðendur okkar eiga skráningu nr. 98/1990 SAGASALT í flokkum 5, 29 og 30 en vörur í 5. flokki eru náskyldar vörum í 1. flokki sbr. 6. gr. 1. mgr. vörumerkjalaganna. Sama má segja um vörur í 29. flokki. Með tilvísun í 6. tl. 2. mgr. 14. gr. vörumerkjalaganna er þess þess vegna krafist að hafnað verði skráningu á vörumerki í umsókn nr. 673/1986.“

Með bréfi dags. 10.05.1991 voru tilkynnanda kynnt andmælin og honum gefinn frestur til 10.09.1991 til þess að leggja fram greinargerð. Hinn 24. 10.1991 hafði engin greinargerð borist frá tilkynnanda. Honum var þá tilkynnt að ef engar athugasemdir bærust frá honum fyrir 24.11.1991 yrði málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Hinn 26.11.1991 barst vörumerkjaskráritara bréf frá tilkynnanda, dags. 21.11.1991, þar sem segir: „Sagasalt Ísland hf. mótmælir öllum ráðagerðum um skráningu vörumerkisins Sagasalt og telur þær andstæðar lögvörðum hagsmunum félagsins.

Þess er krafist að gerð verði grein fyrir réttmæti þess að skrá heitið í þágu annarra en Sagasalts Íslands hf.“

## **NIÐURSTAÐA:**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins SAGASALT fyrir allar vörur í flokki nr. 1, skv. umsókn nr. 673/1986.

Umsókn um skráningu vörumerkisins SAGASALT fyrir vörur í flokkum 5, 29 og 30 í eigu andmælanda, Sodinol Proteins ApS, barst vörumerkjaskráritara 07.10.1990. Vörumerkið var þá eign Sunpol Consult ApS, Heslehøj Alle 9, Hellerup, Danmörku, sem framseldi vörumerkið til núverandi eiganda

# Einkaleyfastofan

20.02.1991. Umsóknin var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 20.12.1989 og bárust engin andmæli gegn skráningunni. Vörumerkið var skráð hér á landi 01.03.1990 nr. 98/1990. Hér er ekki deilt um þá skráningu.

Ekki er þörf á því að fjalla um líkingu umræddra vörumerkja því merki tilkynnanda og andmælanda eru eins orðmerki; SAGASALT.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, skal þó eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á menn villist á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar. Vörulíking verður að vera til staðar. Það sem úrslitum ræður er hvort neytendur kunni að telja vörunar vera frá sama framleiðanda.

Í vöruflokkum nr. 1 og 5 er að finna það skyldar vörur, að telja verður að séu þær einkenndar með of líkum hætti, skapi það hættu á því að almenningur rugli vörumerkjunum saman.

Með vísan til ofanritaðs verður að telja að 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki eigi hér við.

## **ÞVÍ ÁKVARÐAST:**

Skráning vörumerkisins SAGASALT samkvæmt umsókn nr. 673/1986 er hafnað á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

---

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent;

# Einkaleyfastofan

Sagasalt Ísland hf.

Garðaföt 16

210 Garðabær